

Reykjavík, 21. nóvember 2016

Samkomulag um sátt vegna brots Íslandsbanka hf. á 1. mgr. 18. gr. laga nr. 108/2007

Hinn 27. október 2016 gerðu Fjármálaeftirlitið og Íslandsbanki hf. (hér eftir nefndur málsaðili) með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 1. mgr. 18. gr. laga nr. 108/2007.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið ítrekað gegn 1. mgr. 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (vvl.), sbr. 1. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja, með því að fylgja ekki fyrirmælum víðskiptavinar og taka ekki tillit til viðmiða sem áttu við um víðskiptavininn.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 7.000.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar.

Málsatvik

Á aðalfundi víðskiptavinar málsaðila var samþykkt heimild til kaupa á eigin hlutabréfum með framkvæmd endurkaupaáætlunar í samræmi við viðauka við reglugerð nr. 630/2005, um innherjaupplýsingar og markaðssvik. Víðskiptavinurinn gerði samkomulag við málsaðila um framkvæmd víðskipta í samræmi við endurkaupaáætlunina.

Brot málsaðila voru eftirfarandi:

- Í sjö tilvikum keypti málsaðili hluti f.h. víðskiptavinarins á hærra verði en samkomulagið kvað á um. Nánar tiltekið var um að ræða ein víðskipti hinn 8. júlí 2015, fimm víðskipti hinn 21. september 2015 og ein víðskipti hinn 9. nóvember 2015. Það hafði í för með sér að víðskiptin uppfylltu ekki skilyrði 5. gr. í viðauka við reglugerð nr. 630/2005 og voru ranglega birt opinberlega sem kaup víðskiptavinarins í samræmi við endurkaupaáætlun.
- Í tvígang hækkaði málsaðili gengi fyrirliggjandi kauptilboðs f.h. víðskiptavinarins innan víðskiptadags umfram þau viðmið sem samkomulag aðila heimilaði.

Lagagrundvöllur

Um bestu framkvæmd víðskiptafyrirmæla er fjallað í 1. mgr. 18. gr. vvl. Þar kemur fram að fjármálafyrirtæki skuli leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir víðskiptavinum sína með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af víðskiptum verði, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta. Mæli víðskiptavinur hins vegar fyrir um ákveðna framkvæmd skal fylgja fyrirmælum hans.

Ákvæði 18. gr. vvl. eru nánar útfærð í reglugerð nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Í 44. gr. reglugerðarinnar, þar sem fjallað er um viðmiðanir



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

um bestu framkvæmd, segir að þegar fjármálafyrirtæki framkvæmi fyrirmæli viðskiptavina skuli það meðal annars taka tillit til einkenna viðskiptavinarins og hvers eðlis fyrirmæli viðskiptavinarins eru þegar það tekur ákvörðun um hlutfallslegt mikilvægi þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 18. gr. vvl.

Brot á 18. gr. vvl. getur varðað stjórnvaldssektum ef um ítrekuð eða gróf brot er að ræða, sbr. 2. mgr. 141. gr. vvl., og geta sektir sem lagðar eru á lögaðila numið frá 500.000 krónur til 800.000.000 krónur en geta þó verið hærrí eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 3. mgr. 141. gr. laganna. Framangreindur sektarrámmi tók gildi hinn 16. júlí 2015 með samþykkt laga nr. 58/2015 um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði o.fl. en áður gátu sektir á lögaðila vegna brota á 18. gr. vvl. numið frá 50.000 krónur til 50.000.000 krónur.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 18. gr. vvl. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 132. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Ákvörðun sektarfjárhæðar

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið er sátt.

Samkvæmt 141. gr. vvl. skal við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í máli þessu hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að 18. gr. vvl. er sérstaklega ætlað að vernda viðskiptavini fjármálafyrirtækja og tryggja trúverðugleika verðbréfamarkaðarins en umrædd brot höfðu í för með sér að viðskiptin voru ranglega birt opinberlega sem kaup viðskiptavinarins í samræmi við endurkaupaáætlun. Þá er litið til þess að aðeins kemur til greina að beita stjórnvaldssektum vegna ítrekaðra eða grófra brota á ákvæðinu. Sektarfjárhæð vegna brotanna sem framin voru eftir gildistöku laga nr. 58/2015 tekur mið af hreinum rekstrartekjum bankans á árinu 2015, að teknu tilliti til flokkunar löggjafans á alvarleika brotanna, auk þess sem tekið hefur verið tillit til þess að frávik frá endurkaupaáætlun viðskiptavinarins voru óveruleg, enda var alls mismunur á niðurstöðu bestu framkvæmdar og framkvæmdar málsaðila um kr. 18.934,- sem telur um 0,18% af þeim viðskiptum sem um ræddi eða 0,04% af heildarviðskiptum.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 7.000.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki Umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís af því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.